

★
Um kríuna á Lambhagabrúnni ritar Jón Pálsson fyrrv. bankagjaldkeri, en hann er fuglavinur mikill, sem kunnugt er, hefir lagt mikla stund á að kynna sjer alt hátterni fugla.

Hann segir:

Krían situr þarna vitanlega á „varðbergi“, bíður þess að silungsseiði eða sili sjeu þar á sveimi; er þá hægur nærri fyrir hana að stinga sjer ofan af brúnni og ná í þetta lostæti sitt.

Hún bíður ekki eftir því, að bílar staðnæmist við enda brúarinnar, — og því síður á henni — því stöðvi þeir för sína, veit hún, að þá muni eitthvað athugavert við dvöl hennar á handriðinu.

Sama hátterni sínu halda margar kríur hjer við Tjörnina. Sitja á handriðum, vegabrúnum og spýtum, sem standa upp úr vatninu, og stinga sjer ofan þaðan, til þess að ná í hornsili, brunnskluður eða annað, sem þar er niðri fyrir og þær geta notað handa sjer eða ungum sínum.

★

En það eru fleiri fuglar en krían, sem líkt fara að og haga sjer á líka lund, t. d. *veiðibjallan*, sem daglega sjest sitja á skerjum, þar sem rauðmagi eða aðrir smáfiskar eru á sveimi.

Við Silungapoll sjást þar — og einnig krían — sitja á klettasnösum þeim, er að Silungapollu liggja eða að læknum sem úr honum rennur, því þar er silungamergð mikil, sem öllum öðrum er bannað að veiða.

Par má enga skepnu deyða eða særa, því staðurinn er friðhelgur og veiðibjöllunni og öðrum ránfuglum hefir verið gert þetta skiljanlegt, með því að setja þar margar hræður, sem þær virða jafnvel meira en margur maðurinn, sem þar fer um — og engu eðrir, nema óseðjandi löngun sinni til að drepa og særa.

Menn ættu og einkum unglingar að sjer meira en þeir gera, hátterni fugla og annara dýra, því það má mik af þeim læra. Þökk sje höfund greinarinnar fyrir athugun hans á hátt-
erni kríunnar á Lambhagabrúnni. Ofan rituð orð eiga að vera tilraun til skýringar á því „hvernig og hversvegna fuglinn hefir tekið þessu ástfóstri við þennan stað“, þótt menn hafi tekið eftir þessu um mörg undanfari ár, en ekki athugað ástæðuna fyrir því.

★

Nú er löngu ungað út í öllum vörpum, æðarvarpi, kríuvarpi, veiðibjölluarpi. Jeg er að velta því fyrir mjer, hvort ekki verði bráðum komnir ungar í útvarpinu.

g. b. c.

Siðla jarðfari, en á handriðinu

Stað: Krumma.

25. 7. 38

J. T.

Um kríuna á
Lambhagabrúnni.

57.

Morgunblaðið, júlí 1938.